

M-42/2009 Álit 18. ágúst 2009

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 18. ágúst 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-42/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 2. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna meintra galla á dempurum í bifreiðinni B sem hún keypti 21. febrúar 2008 af Y. Skilja verður álitsbeiðnina svo að álitsbeiðandi geri þá kröfu á hendur fyrirtækisins Z að fyrirtækið skipti um dempara í bifreiðinni henni að kostnaðarlausu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Þar sem fram kemur í álitsbeiðni að álitsbeiðandi hafi leitað til Z á Akureyri ritaði kæruneftndin því fyrirtæki bréf, dags. 4. júní sl., og gaf því kost á andsvörum. Svar við bréfinu barst nefndinni 16. júní og segir þar að ábyrgðarviðgerðir séu í umsjón Z í Reykjavík. Kæruneftndin ritaði Z í Reykjavík bréf, dags. 23. júní, og gaf fyrirtækinu kost á andsvörum sem bárust 6. júlí. Með bréfi, dags. 8. júlí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 17. júlí. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 10. ágúst sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt kaupsamningi og afsali keypti álitsbeiðandi bifreiðina B, sem er af gerðinni, 21. febrúar 2008 af Y fyrir kr. 3.800.000. Bifreiðinni hafði þá verið ekið 45.500 km. Framleiðsluár bifreiðarinnar er 2006 og fyrsti skráningardagur 15. maí s.á. Í ástandslýsingu seljanda í kaupsamningi segir að bifreiðin seljist með 3" pústi og sé kaupanda ljóst að hún sé því ekki í ábyrgð hvað varði mótör hjá Z.

Álitsbeiðandi segir að í apríl 2008 hafi hún kvartað yfir dempurum bifreiðarinnar við Z á Akureyri og hafi þeir verið dæmdir ónýtir. Fyrri eigandi hafi skipt um afturdempara 18. maí 2007, en þá hafi verið búið að aka bifreiðinni 30.010 km. Hann hafi skipt um framdempara 21. júlí s.á. en þá hafi verið búið að aka bifreiðinni 32.212 km.

Ákveðið hafi verið að fresta skiptum á dempurunum fram á vorið þar sem lækunargormar sem átt hafi að setja í bifreiðina hafi tafist í pöntun. Dempararnir hafi verið sendir til Z í Reykjavík og þegar að viðgerðinni hafi verið komið hafi henni verið sagt að fyrirtækið neitaði að greiða vegna meðferðar fyrri eiganda á bifreiðinni sem muni hafa spyrnt á henni. Álitsbeiðandi segist telja að um galla sé að ræða á dempurunum enda hafi verið skipt um þá alla á árinu 2007. Hafi þeir því verið innan við árgamlir.

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum Z er sagt að hann vilji koma eftirfarandi á framfæri:

1. Umrædd bifreið B af gerðinni var nýskráð 15.5.2006. Þetta er sportútgáfa með 280 hestafla vél.
2. Búið er að gera breytingar á vegum eiganda á pústkerfi bílsins til að auka enn afl hans (s.s. sverara púst og taka innan úr hvarfakút).
3. Í ábyrgðarskilmálum bifreiðarinnar er tekið fram að ábyrgð framleiðanda fellur niður m.a. vegna eftirtalinna atriða:
 - a. Tjóni sem hlýst af óleyfilegum breytingum á bifreiðinni svo sem viðbótarljós, breyting á vél til að auka vélarafli eða notkun á breiðum hjólbörðum.
 - b. Tjóni sem hlýst af notkun bifreiðarinnar sem stangast á við leiðbeiningar þær sem fram koma í eigendahandbókinni.
 - c. Skemmdir sem orsakast af akstri við óeðlilegar aðstæður, svo sem í keppni og /eða kappakstri eða utan vega.
4. Bifreiðin hefur tekið þátt í spyrnukeppnum á Kvartmílubraut að starfsmönnum okkar viðstöddum.
5. 18. maí 2007 er skipt um dempara að aftan í þessum bíl og þann 21. júní 2007 um framdempara innan ábyrgðar og eiganda að kostnaðarlausu.
6. Bifreiðin kom m.a. til viðgerðar hjá okkur 28. september 2007 með rifinn mótorpúða, þeirri viðgerð var hafnað þar sem stuttu áður hafði verið skipt um mótorpúða innan ábyrgðar og mat bifvélavirkja hjá okkur að þeir púðar hafi ekki verið gallaðir heldur snérist þessi skemmd um að það er búið að auka vélarafli bíls og notkun hans.
7. Eiganda stendur til boða 30% afsláttur af kaupverði nýrra dempara.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Z falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Að áliti kærunefndarinnar fellur ágreiningur aðila undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað álits sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Bifreiðin B var nýskráð 15. maí 2006. Í tíð fyrri eiganda bifreiðarinnar var skipt um afturdempara hennar 18. maí 2007 eftir 30.010 km akstur og framdempara 21. júlí 2007 eftir 32.212 km akstur og hafði notkun hennar þá staðið í u.þ.b. eitt ár. Kostaði Z viðgerðina í þau skipti. Að áliti hins sérfróða aðila er í þessu tilviki um að ræða óvenju skamma endingu á dempurum.

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina 21. febrúar 2008 en þá hafði henni verið ekið 45.500 km. Í apríl s.á. kveðst álitsbeiðandi hafa kvartað undan dempurunum sem þá hafi verið dæmdir ónýtir. Ekki kemur fram hve mikið álitsbeiðandi hafði ekið bifreiðinni í þá u.þ.b. tvo mánuði sem hún hafi átt hana en ólíklegt er að aksturinn hafi verið meiri en 60.000 km. frá upphafi og seinni dempararnir því enst í svipaðan tíma og hinir fyrri, líklega í nokkuð styttri tíma. Málið horfir því þannig við að allir demparar bifreiðarinnar höfðu eyðilagst tvisvar sinnum eftir notkun bifreiðarinnar í tæp tvö ár og í hæsta lagi 60.000 km akstur. Kærunefndinni þykir það sem fram kemur í gögnum málsins um breytingar á bifreiðinni og notkun hennar í tíð fyrri eiganda benda svo sterklega til þess

að stutta endingu demparanna megi miklum mun frekar rekja til notkunar og breytinga á bifreiðinni en að gallar hafi tvívegis komið fram í öllum dempurum hennar.

Úrræði kaupanda vegna galla á söluhlut eru rakin í 26. gr. neytendakaupalaga nr. 48/2003. Skilyrði þess að neytandi eigi rétt á úrbótum vegna galla á söluhlut er sá að gallinn sé hvorki sök neytanda né stafi af aðstæðum sem hann varða. Kærunefndin telur eins og atvikum þessa máls er háttað að ekki verði komist hjá því að líta svo á að notkun fyrri eiganda bifreiðarinnar sé höfuðorsök hinnar stuttu endingar demparanna og falli því undir aðstæður sem álitsbeiðanda varðar, þ.e. að hún hafi keypt bifreið með göllum sem fyrri eigandi kann að bera ábyrgð á. Telja verður að þau skilyrði sem Z setur fyrir því að ábyrgð fyrirtækisins á söluhlut haldist, sbr. það sem fram kemur í andsvörum fyrirtækisins, séu ekki andstæð ákvæðum 26. gr. laga nr. 48/2003 um takmörkun ábyrgðar vegna notkunar kaupanda á söluhlut. Annað mál er að seljandi bifreiðarinnar ber ábyrgð á gæðum hennar gagnvart álitsbeiðanda eftir ákvæðum laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup sem viðskipti þeirra falla undir og samkvæmt því hefði álitsbeiðandi getað beint kröfum sínum vegna demparanna gegn seljandanum. Álit kærunefndarinnar samkvæmt framansögðu er hins vegar það að ábyrgð Z á dempurunum sé ekki fyrir hendi og því verði að hafna kröfum álitsbeiðanda á hendur fyrirtækinu.

Kærunefndinni þykir ástæða til að vekja athygli á að í niðurlagi andsvara Z er álitsbeiðanda boðinn 30% afsláttur af kaupverði nýrra dempara og það tilboð verður að telja bindandi fyrir fyrirtækið.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, á hendur Z er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir